

**Tilraunaveiði á laxi í net í  
Ölfusá - Hvítá árin 1989 - 1993**

Magnús Jóhannsson

Selfossi, júní 1994 VMST-S/94007



**Veiðimálastofnun Suðurlandsdeild**  
Austurvegi 1, 800 Selfoss

VEIÐIMÁLASTOFNUN  
*Bókasafn*

## Efnisyfirlit.

|                          | Bls.  |
|--------------------------|-------|
| Ágrip .....              | 1     |
| Inngangur.....           | 2     |
| Framkvæmd tilraunar..... | 2     |
| Niðurstöður.....         | 2     |
| Veði .....               | 2     |
| stærð, kyn og aldur..... | 3     |
| Umræða .....             | 4     |
| Þakkarorð .....          | 4     |
| Heimildir .....          | 5     |
| Myndir og töflur .....   | 6- 11 |

## Ágrip.

Í þessari skýrslu er greint frá tilaunaveiðum að vori sem stundaðar voru í Ölfusá og Hvítá árin 1989-1993. Megintilgangur tilraunaveiðanna var að kanna laxveiði utan hefðbundins laxveiðitíma, hvenær lax tæki að ganga, hvers konar lax væri á ferðinni og áhrif umhverfisþátta á laxgengd. Allur lax var kyngreindur, veginn, lengdarmældur og aldursgreindur. Veitt var í net, einu við Eyrina á Selfossi og öðru neti við Netlátur á Brúnastöðum í Hvítá. Miðað var við að hefja veiðarnar 1. júní og veiða 3 1/2 sólarhring í viku fram til 20. júní. Veiði gekk mjög misvel og var oft erfið vegna vatnavaxta. Heildarveiði varð minnst 12 laxar árið 1989 en mest 154 árið 1992 en það ár sker sig úr í afla. Að meðaltali hafa veiðst 64 laxar. Stærsti hluti aflans kom á Selfossi. Vart hefur orðið við lax strax í fyrstu viku júní en veiði hefur ekki aukist að marki fyrr en um miðjan júní. Veiði virðist örvast með auknum vatnshita og mesta dagveiði hefur verið við vatnshita frá 7,5 °C til 8,5 °C. Mikill meirihluti laxanna í veiðinni hafa verið stórlaxar. Mest bar á smálaxi árið 1992 þegar göngur voru snemma á ferðinni. Meðalþungi laxanna hefur verið frá 5,2 kg til 5,9 kg. Mikill meirihluti stórlaxa var hrygnur. Aldursgreining sýndi að laxarnir höfðu verið 1 til 5 ár í fersku vatni áður en þeir gengu í sjó og flestir 3 ár. Nokkur munur kom fram á ferkvatnsdvöl eftir sjávardvöl. Smálaxar voru að jafnaði lengur (3,5 ár) í fersku vatni en stórlax (3,0 ár). Heildaraldur laxanna var frá tveimur árum til 7 ár. Flestir voru 4 til 6 ára.

## Inngangur.

Á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár er lax veiddur í net og á stöng. Veiðitímabilið hefst 21. júní og lýkur 20. september. Á 10. daga tímabili í ágúst er öll veiði í höndum Veiðifélagsins og er þá ekki stunduð netaveiði. Á undanförunum árum hafa orðið nokkrar umræður um að breyta veiðitímabilinu þannig að byrjað yrði fyrr á vörin á neðanverðu vatnasvæðinu en veitt lengur að haustinu efst á vatnasvæðinu. Á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga árið 1989 var samþykkt tillaga þess efnis að gerð yrði tilraun með veiði á laxi utan hefðbundins veiðitíma, vor og haust enda fengist til þess leyfi Veiðimálayfirvalda. Tillagan fól í sér að veitt yrði í tilraunanet að vori en gerð tilraun með stangveiði að hausti. Megintilgangur tilraunaveiðanna yrði að kanna laxveiði utan hefðbundins laxveiðitíma, en einnig að kanna hvenær lax tekur að ganga á vatnasvæðið og áhrif umhverfisþátta á laxgengd. Í framhaldi af þessu var gerð tilraun með veiði í net að vori og stangveiði að hausti. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum tilraunaveiðanna að vori.

## Framkvæmd tilraunar.

Tilraunaveiðar að vori voru stundaðar í Ölfusá og Hvítá árin 1989-1993. Veitt var í net, einu við Eyrina á Selfossi og öðru neti við Netlátur á Brúnastöðum í Hvítá. Árið 1993 var eingöngu veitt á Selfossi. Ekki var unnt að veiða á Brúnastöðum árin 1989 og 1992 vegna vatnavaxta. Netin voru höfð með svipuðum hætti og notuð eru til veiða á laxi á veiðitíma. Þau voru úr margþátta girni með 67- 70 mm möskvastærð. Miðað var við að hefja veiðarnar 1. júní og veiða í hverri viku frá kl. 10 á þriðjudagsmorgni og fram til 22. á föstudagskvöldi. Netanna var oftast vitjað kvölds og morgna og oftast ef þurfa þótti. Afli var talinn og hver fiskur kyngreindur, lengdarmældur, veginn og tekin hreistursýni til aldursákvörðunar. Á Selfossi var árvatnshitinn og sjóndýpi mælt við vitjun. Rennslistölur voru fengnar hjá Vatnsorkudeild Vatnamælinga. Við mælingar á sjóndýpi var notuð svört og hvít skífa sem sökt var með kvarða í árvatnið og það dýpi skráð sem sjóndýpi þegar skífan varð ekki greind lengur gegnum árvatnið. Veiðarnar voru í samvinnu veiðifélagsins og Veiðimálastofnunar. Allur lax sem veiddist var eign Veiðifélags Árnesinga.

## Niðurstöður.

### Veiði.

Veiði var mjög mismunandi milli ára. Heildarveiði hefur minnst verið 12 laxar árið 1989 en mest 154 árið 1992 en það ár sker sig úr í afla (tafla 1). Að meðaltali hafa veiðst 64 laxar. Stærsti hluti aflans kom á Selfossi. Vatnavextir hafa oft valdið því að ekki var unnt að veiða. Þannig var mjög erfitt um veiði árið 1989. Þá var aðeins unnt að leggja í 7 daga í byrjun júní á Brúnastöðum, án árangurs og í 9 daga á Selfossi. Árið eftir var aðeins unnt að leggja í 5 daga eftir 12. júní á Brúnastöðum og frá 19. til 20 júní á Selfossi. Árið 1991 var veitt frá 4. júní og hömluðu vatnavextir ekki veiði. Árið 1992 varð ekki veitt á Brúnastöðum vegna mikils vatns. Vatnavextir hömluðu ekki veiði árið 1993.

Vart hefur orðið við lax strax í fyrstu viku júní en veiði hefur ekki aukist að marki fyrr en um miðjan júní (tafla 2). Þetta á sérstaklega við um árið 1992 þegar afli var mestur. Mælingar á vatnshita gefa til kynna að hann hafi áhrif á göngur og veiði. Veiði á Selfossi virðist örvast með auknum vatnshita (mynd 1d) og mesta dagveiði hefur verið við vatnshita frá 7,5 °C til 8,5 °C. Dagveiði var aldrei yfir 10 laxar við vatnshita undir 7,0 °C. Sterkt samband virðist á milli aukins vatnsrennslis og sjóndýpis þannig að sjóndýpi minnkar með auknu vatnsrennslis. Þá kemur einnig fram að vatnshiti lækkar með auknu rennslis (mynd 1a og b). Eins og áður kemur fram hefur rennslis áhrif á veiði og trúlega einnig á laxgengd. Veiði hefur oftast verið lítil við rennslis yfir 800 m<sup>3</sup>/sek. (mynd 1c). Erfitt er að einangra áhrif hvers þáttar á veiði þar sem fylgni er á milli þeirra.

### *Stærð, kyn og aldur.*

Mikill meirihluti laxa í veiðinni voru stórlaxar sem dvalið hafa tvö ár í sjó eða fleiri (tafla 3, myndir 2 og 3). Mest bar á smálaxi árið 1992 þegar göngur voru snemma á ferðinni. Það ár veiddist fyrsti smálaxinn 12. júní en önnur ár hefur ekki orðið vart við smálax (eitt ár í sjó) fyrr en eftir miðjan júní og árið 1989 fékkst enginn smálax. Meðalþungi laxanna hefur verið frá 5,2 kg til 5,9 kg. Þar hefur ráðið miklu magn smálaxa í veiði en einnig kemur fram breytileiki í meðalþunga stórlaxa. Stórlax var t. d. óvenju smár árið 1991 (m.þ. 5,4 kg) en vænn árið 1992 (6,4 kg). Meðalþungi smálaxa var frá 2,8 til 3,2 kg. Stærð allra veiddra smálaxa var á bilinu 2,4 til 3,8 kg, 59 til 71 sm. Stærð stórlaxa var frá 3,3 kg til 10,9 kg og 66 til 100 sm. Mikill meirihluti stórlaxa var hrygnur eða 87,9 %. Hængar voru hins vegar 57 % af smálaxi. Nokkur munur kom fram á meðalþunga eftir kynjum. Hængar af sama sjávaraldri voru að jafnaði þyngri en hrygnur. Meðalþungi eins árs hænga var 3,1 kg en hrygna 2,8 kg. Stórlaxa hængar voru að meðaltali 7,6 kg en hrygnur 5,7 kg.

Niðurstöður aldursgreiningar koma fram í töflum 4 til 7. Unnt var að greina aldur hjá 293 löxum. Þeir höfðu verið 1 til 5 ár í fersku vatni áður en þeir gengu í sjó eða að meðaltali 3,1 ár. Tíu laxar (3,4%) höfðu verið eitt ár í fersku vatni og voru þeir allir úr sleppingum gönguseiða. Þrír voru örmerktir og reyndust úr sleppingum gönguseiða á vatnasvæðið. Þrjú ár í fersku vatni voru algengust (52,9 %) en allmargir höfðu verið 4 ár (28,3%). Nokkur munur kom fram á ferskvatnsdvöl eftir sjávardvöl. Smálaxar voru að jafnaði lengur (3,5 ár) í fersku vatni en stórlax (3,0 ár). Fjögur ár voru algengustu ferskvatnsárin hjá eins árs löxum en þrjú ár hjá tveggja ára löxum. Heildaraldur laxanna var frá tveimur árum til 7 ár. Flestir voru 4 til 6 ára. Hver klakárgangur virðist koma fram í veiði í nokkur ár. Meðalaldur allra aldursgreindra laxa var 5,0 ár, 4,5 hjá smálaxi og 5,1 hjá stórlaxi. Hrygnur voru að jafnaði nokkru eldri, 5,0 ára, en hængar, 4,9 ára. Fremur lítill breytileiki kom fram á aldri milli ára. Fjögurra ára ferskvatnsdvöl var þó algengari árin 1992 og 1993 en önnur ár eða 37 og 38 % en 10- 18 % önnur ár. Öll árin voru 5 ára laxar algengastir. Breytilegt hlutfall hafði hrygnt áður eða frá 2,9 % til 11,1 % (tafla 7).

## Umræður.

Tilraunaveiðar á laxi í net fyrir veiði tíma að vori í Ölfusá og Hvítá hafa sýnt að nokkur laxgengd er á vatnasvæðið fyrir hefðbundinn veiðitíma sem hefst 21. júní. Lax er þegar farinn að ganga í byrjun júní en laxgengd og veiði virðist ekki að neinu marki fyrr en eftir miðjan júní. Breytileiki kom fram í veiði og laxgengd milli ára. Sum árin virðist lítill lax á ferðinni fyrir veiðitíma en önnur er töluverð laxgengd. Veiðiaðstæður eru einnig mjög mismunandi á þessum tíma og vatnavextir geta hamlað fiskgengd og veiðum. Eitt ár, 1992, af fimm tilraunveiðiárum sker sig úr hvað veiði varðar en það ár veiddust um helmingur allrar veiði á tilraunveiðitímabilinu. Ekki er ljóst hvað stjórnað því hvenær lax tekur að ganga á vatnakerfið. Sum ár virðist hann vera mun fyrr á ferðinni en önnur. Umhverfisaðstæður í sjó og á landi virðast hafa þýðingu enda oft svipuð tilhneiging í breytileika á göngutíma milli vatnasvæða. Í ánum virðist vatnsmagnið og árvatnshitinn hafa þýðingu fyrir laxgengd. Þannig virðist enginn kraftur í laxgengd í Ölfusá við vatnshita undir 7°C.

Mikill meirihluti laxanna sem veiddust voru stórlaxa hrygnur sem verið höfðu tvö ár í sjó. Nokkuð kom þó fram af smálaxi (eitt ár í sjó). Hans varð þó að jafnaði ekki vart fyrr en um eða eftir miðjan júní. Mest veiddist af smálaxi þegar laxgengd var snemma á ferðinni. Nokkur breytileiki kom fram í meðalpunga sjávarárganga á milli ára og athygli vekur að meðalpungi var mestur hjá tveggja ára laxi það ár sem göngur voru fyrst á ferðinni. Þetta gæti bent til þess að vaxtarskilyrði í sjó hefðu mikið að segja um göngutímamann þannig að eftir hagstæð sjávarskilyrði sé laxinn fyrr á ferðinni. Aldursgreining laxanna sýndi að flestir laxanna höfðu verið 2 til 4 ár í fersku vatni áður en þeir gengu í sjó og að þrjú ferskvatnsár væri algengast. Þetta er líkt og fram hefur komið við aldursgreiningu á laxi af vatnasvæðinu (Magnús Jóhannsson 1978 og Veiðimálastofnun óbirt). Athygli vekur þó að mikill munur kemur fram á ferskvatnsdvöl eins árs of tveggja ára laxa úr sjó, þ.e. eins árs laxar dvöldu að jafnaði lengur í ánum en tveggja ára laxar. Í hafbeitarsleppingum hefur seiðaalður og sjógöngustærð haft samsvarandi áhrif á sjávardvöl (Hansen, L. P. og Lea, T.B. 1982, Ritter, J. A. 1975, Vigfús Jóhannsson ofl. 1991) en meðallengd seiða við sjógöngu vex með seiðaaltri (Þórólfur Antonsson 1989).

Tilraunaveiðar þessar hafa veitt ýmsar upplýsingar varðandi veiði og laxgengd á vatnasvæðið fyrir hefðbundinn veiðitíma. Í framhaldi af þessum tilraunum væri áhugavert að gera tilraunir með merkingar á laxi við ósa Ölfusár líkt og gert var á árunum 1960-1972 (Þór Guðjónsson 1977). Merkingar gæfu ýmsar upplýsingar um s.s. göngutíma og gönguhraða hinna ýmsu stofna á svæðinu og með þeim yrði unnt að meta veiðiálag og fjölda laxa sem ganga á vatnasvæðið.

## Þakkarorð.

Gunnar Gunnarsson og Bjarni Sigurgeirsson bændur á Selfossi, sáu um framkvæmd tilraunaveiðanna á Selfossi og Gísli Ágústsson á Brúnastöðum. Vatnsorkudeild Orkustofnunar veitti góðfúslega aðgang að upplýsingum um rennsli í Ölfusá. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir.

## Heimildir.

- Hansen, L. P. og Lea, T.B., 1982. Tagging and release of Atlantic Salmon (*Salmo salar* L.) in river Rana, Northern Norway. Institute of Freshwater Research, Drottningholm, report no 60: 31-38.
- Herbinger, C. M. og Newkirk., G.F. 1987. Atlantic salmon (*Salmo salar*) maturation timing: relation between age at maturity and other life history traits: implications for selective breeding. Proc. World Symp. on Selection Hybridization, and Genetic Engineering in Aquaculture, Bordeaux 27.-30. May 1986. Vol. I. Berlin:
- Magnús Jóhannsson, 1978. Ölfusárlax, rannsóknir á aldri göngum og vexti. Námsverkefni við Líffræðiskor Háskóla Íslands: 32 bls.
- Ritter, J. A. 1975. Relationships of smolt size and age at first maturity in Atlantic salmon. Environ. Can. Res. Dev. Branch Tech. Rep. Mar/T-75-5.
- Vigfús Jóhannsson, Jóhannes Sturlaugsson og Sumarliði Óskarsson, 1991. Heimtur misstórra laxaseiða úr Hafbeit. Eldisfréttir, 7: 17-22.
- Þórólfur Antonsson, 1990. Rannsóknir á fiskstofnum vatnasviðs Elliðaánna. veiðimálastofnun, VMST-R/90012: 11 bls.
- Þór Guðjónsson, 1977. Niðurstöður af merkingum á laxi og silungi í Ölfusárósi 1960-1970. Veiðimálastjóri, Reykjavík (handrit): 4 bls.

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxa í tilraunaveiði í net í Ölfusá og Hvítá árin 1989 - 1993





| Ár      | Selfoss | Brúnast. | Samtals |
|---------|---------|----------|---------|
| 1989    | 12      | 0        | 12      |
| 1990    | 25      | 16       | 41      |
| 1991    | 50      | 22       | 72      |
| 1992    | 154     | 0        | 154     |
| 1993    | 40      |          | 40      |
| Meðalt. | 56      | 10       | 64      |

Tafla 2. Fjöldi veiddra laxa eftir veiðidögum í tilraunanet í Ölfusá.



| Dags.   | Ár   |      |      |      |      |       |
|---------|------|------|------|------|------|-------|
|         | 1989 | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | Samt. |
| 01.Jun  | 2    |      |      | 1    |      | 3     |
| 02.Jun  | 2    |      |      | 8    | 3    | 13    |
| 03.Jun  |      |      |      | 5    | 0    | 5     |
| 04.Jun  |      |      |      | 13   | 1    | 14    |
| 05.Jun  |      |      | 3    |      | 0    | 3     |
| 06.Jun  | 1    |      | 3    |      |      | 4     |
| 07.Jun  | 4    |      | 6    |      |      | 10    |
| 08.Jun  | 1    |      |      |      | 1    | 2     |
| 09.Jun  | 0    |      |      | 2    | 3    | 5     |
| 10.Jun  |      |      |      | 0    | 3    | 3     |
| 11.Jun  |      |      | 1    | 3    | 3    | 7     |
| 12.Jun  |      |      | 1    | 12   |      | 13    |
| 13.Jun  |      |      | 2    |      |      | 2     |
| 14.Jun  | 0    |      | 9    |      |      | 9     |
| 15.Jun  | 0    |      |      |      | 4    | 4     |
| 16.Jun  | 1    |      |      | 30   | 11   | 42    |
| 17.Jun  |      |      |      | 28   | 10   | 38    |
| 18.Jun  |      |      | 3    | 30   | 1    | 34    |
| 19.Jun  |      | 7    | 5    | 22   |      | 34    |
| 20.Jun  | 1    | 18   | 17   |      |      | 36    |
| Samtals | 12   | 25   | 50   | 154  | 40   | 281   |

Tafla 3. Meðalþungi (kg) laxa í tilraunaveiði í net í Ölfusá og Hvítá árin 1989-1993.


| Ár   | Ár í sjó |        |     |        | Allir |        |
|------|----------|--------|-----|--------|-------|--------|
|      | Eitt     |        | Tvö |        |       |        |
|      | Kg       | Fjöldi | Kg  | Fjöldi | Kg    | Fjöldi |
| 1989 |          | 0      | 5,8 | 12     | 5,8   | 12     |
| 1990 | 3,2      | 3      | 6,1 | 37     | 5,9   | 42     |
| 1991 | 2,9      | 2      | 5,4 | 67     | 5,3   | 72     |
| 1992 | 3,0      | 48     | 6,4 | 95     | 5,3   | 151    |
| 1993 | 2,8      | 3      | 5,6 | 33     | 5,2   | 40     |



Mynd 1. A, fylgni rennslis og sjónýplis, B, fylgni vatnshita og rennslis, C, fylgni laxveiði og rennslis og D, fylgni veiði og vatnshita í Ölfusá við Selfoss. Öll ár tekin saman.



Mynd 2. A, lengdardreifing og, B, þyngdardreifing allra laxa úr tilraunaveiði í net í Ölfusá og Hvítá árin 1989-1993.



Mynd 3. Þyngdardreifing laxa úr tilraunaveiði í net í Ölfussá og Hvítá árin 1989-1993.

Tafla 4. Ferskvatnsaldur allra aldursgreindra laxa úr tilraunaveiðum í Ölfusá og Hvítá árin 1989-1993.

| ÁR Í<br>FERSKV. | Allir |      | S J Á V A R Á R |      |                   |      |
|-----------------|-------|------|-----------------|------|-------------------|------|
|                 |       |      | Eitt ár         |      | Tvö ár eða fleiri |      |
|                 | FJ    | %    | FJ              | %    | FJ                | %    |
| 1               | 10    | 3,4  | 4               | 7,4  | 5                 | 2,1  |
| 2               | 40    | 13,7 | 2               | 3,7  | 34                | 14,6 |
| 3               | 155   | 52,9 | 13              | 24,1 | 141               | 60,5 |
| 4               | 83    | 28,3 | 33              | 61,1 | 50                | 21,5 |
| 5               | 5     | 1,7  | 2               | 3,7  | 3                 | 1,3  |
| SAMT.           | 293   |      | 54              | 100  | 233               |      |
| Meðalt.         | 3,1   |      | 3,5             |      | 3,0               |      |

Tafla 5. Heildaraldur allra aldursgreindra laxa úr tilraunaveiðum í Ölfusá og Hvítá árin 1989-1993.

| HEILDAR<br>ALDUR | Allir   |      | Eitt ár í sjó |      | Tvö ár í sjó eða fleiri |      |
|------------------|---------|------|---------------|------|-------------------------|------|
|                  |         |      |               |      |                         |      |
|                  | FJ      | %    | FJ            | %    | FJ                      | %    |
| 1                | 0       | 0,0  | 0             | 0,0  | 0                       | 0,0  |
| 2                | 5       | 1,7  | 4             | 7,4  | 1                       | 0,4  |
| 3                | 7       | 2,4  | 2             | 3,7  | 4                       | 1,7  |
| 4                | 49      | 16,8 | 13            | 24,1 | 32                      | 13,8 |
| 5                | 171     | 58,6 | 33            | 61,1 | 137                     | 59,1 |
| 6                | 52      | 17,8 | 2             | 3,7  | 50                      | 21,6 |
| 7                | 8       | 2,7  | 0             | 0,0  | 8                       | 3,4  |
| 8                | 0       | 0,0  | 0             | 0,0  | 0                       | 0,0  |
| SAMT.            | 292     |      | 54            |      | 232                     |      |
| Meðaltal         | 5,0 ára |      | 4,5 ára       |      | 5,1 ára                 |      |

Tafla 6. Niðurstöður aldursgreiningar á laxi úr tilraunaveiðum í net í Ölfusá-Hvítá árin 1989-1993. Ferskvatnsaldur.

| Ár í ferskv.  | VEIÐIÁR |      |      |      |      |      |      |      |      |      |
|---------------|---------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|
|               | 1989    |      | 1990 |      | 1991 |      | 1992 |      | 1993 |      |
|               | FJ      | %    | FJ   | %    | FJ   | %    | FJ   | %    | FJ   | %    |
| 1             | 0       | 0,0  | 1    | 2,6  | 3    | 4,4  | 6    | 4,3  |      | 0,0  |
| 2             | 0       | 0,0  | 4    | 10,3 | 16   | 23,5 | 14   | 10,0 | 6    | 17,6 |
| 3             | 9       | 75,0 | 30   | 76,9 | 37   | 54,4 | 65   | 46,4 | 14   | 41,2 |
| 4             | 2       | 16,7 | 4    | 10,3 | 12   | 17,6 | 52   | 37,1 | 13   | 38,2 |
| 5             | 1       | 8,3  | 0    | 0,0  | 0    | 0,0  | 3    | 2,1  | 1    | 2,9  |
| Samt.         | 12      |      | 39   |      | 68   |      | 140  |      | 34   |      |
| Meðaltal (ár) | 3,33    |      | 2,95 |      | 2,85 |      | 3,23 |      | 3,26 |      |

Tafla 7. Heildaraldur og klakárgangar laxa úr tilraunaveiði í Ölfusá og Hvítá árin 1989-1993.

| Árgangur        | VEIÐIÁR |      |      |      |      |      |      |      |      |       |
|-----------------|---------|------|------|------|------|------|------|------|------|-------|
|                 | 1989    |      | 1990 |      | 1991 |      | 1992 |      | 1993 |       |
|                 | FJ      | %    | FJ   | %    | FJ   | %    | FJ   | %    | FJ   | %     |
| 1992            |         |      |      |      |      |      |      |      |      |       |
| 1991            |         |      |      |      |      |      |      |      |      |       |
| 1990            |         |      |      |      |      |      | 4    | 2,9  |      |       |
| 1989            |         |      |      |      | 1    | 1,5  | 4    | 2,9  | 7    | 20,6  |
| 1988            |         |      |      |      | 2    | 2,9  | 20   | 14,4 | 14   | 41,2  |
| 1987            |         |      | 1    | 2,6  | 17   | 25,0 | 84   | 60,4 | 12   | 35,3  |
| 1986            |         |      | 5    | 12,8 | 34   | 50,0 | 22   | 15,8 | 1    | 2,9   |
| 1985            |         |      | 31   | 79,5 | 13   | 19,1 | 5    | 3,6  |      |       |
| 1984            | 8       | 66,7 | 2    | 5,1  | 1    | 1,5  |      |      |      |       |
| 1983            | 3       | 25,0 |      |      |      |      |      |      |      |       |
| 1982            | 1       | 8,3  |      |      |      |      |      |      |      |       |
| 1981            |         |      |      |      |      |      |      |      |      |       |
| 1980            |         |      |      |      |      |      |      |      |      |       |
| 1979            |         |      |      |      |      |      |      |      |      |       |
| Samt.           | 12      |      | 39   |      | 68   |      | 139  |      | 34   |       |
| Meðalaldur (ár) | 5,42    |      | 4,87 |      | 4,87 |      | 4,94 |      | 4,35 |       |
| Hrygnt áður     |         | 8,3% |      | 5,0% |      | 2,9% |      | 7,6% |      | 11,1% |